

Landsvirkjun
Árni Gunnarsson,
verkefnastjóri
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100033/áb

Rannsóknarboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi. Drög að tillögu að matsáætlun

Vísað er til erindis Landsvirkjunar dags. 10 nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun fyrir rannsóknarboranir að Kröflu í Þingeyjarsýslu.

Í erindinu kemur fram að Landsvirkjun áformar að bora 3-4 rannsóknaholur á allt að þremur borteigum á Kröflusvæðinu.

Borun rannsóknahola er tilkynningaskyld framkvæmd skv. 6. gr. 2. viðauka til. 2ci í lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum, en eins og fram kemur í erindinu óskaði Landsvirkjun hins vegar eftir því að fara með fyrirhugaðar rannsóknarboranir beint í mat á umhverfisáhrifum og hefur Skipulagsstofnun fallist á þá málsmeðferð.

Markmið framkvæmdar

Unnið er að undirbúningi jarðhitavirkjana á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum með það að markmiði að kanna hagkvæmni þess að framleiða um 400 MWe af rafmagni. Einnig kemur fram í drögunum að Landsvirkjun hyggst undirbúa allt að 150 MWe jarðhitavirkjun að Kröflu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun:

Borteigar og landslag

Þrjár borteigar eru tilgreindir fyrir rannsóknarboranir á Kröflusvæðinu. Tveir þeirra eru innan núverandi orkuvinnslusvæðis Borteigur 1 er utan við núverandi orkuvinnslusvæðis, 6-700 m norðaustan við Víti. Borteigar 2 og 3 eru innan núverandi orkuvinnslusvæði, staðsettir á Sandabotnafjalli, um 200 m vestan við Hrafninnuhrygg. Umhverfisstofnun tekur undir það að ljósmyndagrunnur verði útbúinn sem sýni ásýnd umhverfisins fyrir og eftir boranir. Umhverfisstofnun fer fram á að sýnt verði hvernig hægt er að haga borframkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á landi.

Í umfjöllun um borholur kemur fram að rannsóknaholurnar eru boraðar eins og vinnsluholur. Einnig kemur fram að skiljuvatni frá borholum í blæstri verður fargað með sama hætti og borvatni, þ.e. með plastlögn í nærliggjandi farveg þaðan sem það kemur til með að renna í Hlíðardalslæk. Í frummatsskýrslu þarf að vera skýr umfjöllun um umhverfisáhrif þess að veita skiljuvatni í Hlíðardalslæk. Auk þess fer Umhverfisstofnun fram á að skoðaðir verði aðrir kostir við förgun skiljuvatns.

Gróður


Jarðhitasvæði eru að mörgu leyti sérstök og því líklegt að þau séu heimasvæði sjalgæfra gróðurtegunda. Sem dæmi þá hefur fundist við Sandbotnafjall sjaldgæf, smávaxin blaðfletta, *Phaeophyscia constipata*, sem vex einkum á fuglapúfum (Náttúrufar og verndargildi náttúruvyrirbæra norðan Vatnajökuls. Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson. 2003). Þessi flétta hefur hvergi fundist á landinu utan Mývatnssveitar; á Kálfastrandarstripum, í Reykjahlíð og við Sandbotnafjall. *Phaeophyscia constipata* er fléttutegund í bráðri hættu á Íslandi (Válisti 1 fyrir plöntur, Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996).


Samkvæmt nýlegri könnun Náttúrufræðistofnunnar virðist brennisteinsmengun drepa mosa nálægt Hellisheiðavirkjun og við orkuver Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi (<http://www.ni.is/frettir/nr/820>). Mosinn Hraungambri virðist sérstaklega viðkvæmur fyrir loftmengun við þessar virkjanir, en fléttur og háplöntur á svæðinu virðast þolnari. Það er þó vitað að fléttugróður er mjög viðkvæmur fyrir loftmengun og talinn gefa góða vísbendingu um hana. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að gróður verði kannaður sérstaklega á þeim svæðum sem borteigar munu rísa, og að vöktunaráætlun fylgi frummatsskýrslu.

Frá ári 2006 hafa 7 tilraunaholur verið boraðar á Kröflusvæðinu. Samkvæmt framkvæmdaraðila hefur „*ekki orðið vart neikvæðra umhverfisáhrifa vegna þessa, hvorki vegna vatnsöflunar og förgunar þess né vegna útblásturs við prófanir holanna. Í því ljósi er ekki talin þörf á að meta sérstaklega áhrif fyrirhugaðra rannsóknaborana á vatn og loft.*“ Umhverfisstofnun fer fram á að þessi gögn verði lögð fram í frummatsskýrslu og að sambærileg könnun verði gerð fyrir nýju holurnar. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að leggja að jöfnu allar borholur, því hinir 3 nýju borteigar eru á nýjum svæðum og efnainnihald vatns og gufu frá þeim borholum gæti því verið öðruvísi.

Umhverfisstofnun tilskilur sér rétt til frekari athugasemda á rannsóknarborunum við Kröflu þegar tillaga að matsáætlun hefur verið lögð fram.

Virðingarfyllst


Asgeir Björnsson
Sérfræðingur


Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: